

AUGLÝSING

um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós, sem undirritaður var í Genf 19. júní 1997, öðlaðist gildi 1. desember 1999, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1998.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu.

Hinn 6. desember 1999 var framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu sem gerð var í Genf 26. júní 1973. Samþykktin öðlast gildi að því er Ísland varðar 6. desember 2000. Fullgilding samþykktarinnar fól jafnframt í sér uppsögn á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 15 um lágmarksaldur kyndara og kolamokara frá 11. nóvember 1921, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 27 þar sem samþykktin er birt, og endurskoðaðri samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 58 um lágmarksaldur barna við sjómennsku frá 24. október 1936, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 47 þar sem samþykktin er birt. Uppsagnirnar öðlast gildi 6. desember 2000.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.